

Úrskurður Siðanefndar Læknafélags Íslands

Árið 1985 samþykkti stjórn LÍ að birta skyldi alla úrskurði Siðanefndar Læknafélags Íslands í Læknablaðinu. Hér er birtur úrskurður Siðanefndar frá 28. apríl síðastliðnum.

ÁR 2000 FÖSTUDAGINN 28. APRÍL KOM Siðanefnd Læknafélags Íslands saman á skrifstofu formanns í Dómhúsinu við Lækjartorg.

Fyrir er tekið erindi Boga Andersen til stjórnar Læknafélags Íslands og er í málinu kveðinn upp svohljóðandi:

ÚRSKURÐUR

Siðanefnd Læknafélags Íslands hefur fengið til meðferðar erindi Boga Andersen, læknis frá 29. febrúar sl. Tílefni bréfs þessa er að Högni Óskarsson læknir hefur kært Boga fyrir brot á Codex Ethicus með bréfi dagsettu 18. janúar sl. til stjórnar Læknafélags Íslands sem vísað var til nefndarinnar með bréfi dagsettu 26. janúar sl.

Í bréfinu varpar Bogi fram þeirri spurningu hvort ekki sé eðlilegt að Allan V. Magnússon, Ágeir B. Ellertsson og Runólfur Pálsson víki úr Siðanefnd við meðferð kæru Högna Óskarssonar frá 18. janúar sl. þar sem Högni kærir Boga Andersen til Siðanefndar Læknafélags Íslands.

Síðan segir í bréfinu, eftir að bréfritari hefur vísað til þess að Siðanefnd skuli fylgja almennum réttarfarsreglum í störfum sínum, að Högni kærir hann m.a. fyrir að hafa vegið að Siðanefnd L.Í. með ósæmilegum hætti. Séu þeir menn er nefndina skipa fórnarlömb afbrota Boga eins og það er orðað.

Þá vísi Högni í niðurstöðu Siðanefndar og sé því Bogi Andersen settur í þá aðstöðu að hluti af málsvörn hans verði hörð gagnrýni á störf nefndarmanna.

Stjórn Læknafélags Íslands hefur sent erindi þetta til nefndarinnar enda á það undir hana að fjalla um hæfi sitt en ekki stjórn Læknafélags Íslands en úrskurðum nefndarinnar verður skotið til Gerðardóms L.Í. vilji aðilar ekki una þeim.

Í 5. gr. laga nr. 91/1991 eru reglur um sérstakt hæfi dómara til að fara með mál hverju sinni en ákvæðið hljóðar svo:

„Dómari, þar á meðal meðdómsmaður, er vanhæfur til að fara með mál ef:

a. hann er aðili að málinu eða fyrirsvarismaður aðila,

b. hann hefur gætt réttar aðila varðandi sakarefnið eða veitt aðila ólögskyldar leiðbeiningar um það,

c. hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tílefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um sakarefnið,

d. hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar,

e. hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni eða málflytjanda aðila með þeim hætti sem segir í d-lið,

f. hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í d-lið, mats- eða skoðunarmanni eða manni sem neitar að láta af hendi sönnunargagn,

g. fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa.“

Í úrskurði þessum er álitaeftið það hvort skilyrði g liðar 5. gr. séu fyrir hendi.

Í úrskurði sínum frá 13. desember sl. komst nefndin að þeirri niðurstöðu að álitaefti sem snerti faglegt mat, umfjöllun og efnistöð læknis í tilviki sem því sem þar var til úrlausnar heyri ekki undir hana og benti á ákvæði 3. mgr. 2. gr. laga um læknaáð.

Úrskurði þessum var unað og er þetta álitaefti ekki til efnislegrar meðferðar hér heldur hvort Bogi Andersen hafi með ummælum sínum um starfsbróður sinn, Högna Óskarsson, gerst brotlegur við siðareglur lækna.

Við meðferð þess máls kann að vera að Bogi láti í ljós skoðanir á framangreindum úrskurði Siðanefndar frá 13. desember sl. og enda þótt vera kunnir að hann sé ekki sammála efnistöðum nefndarinnar eða niðurstöðu hennar veldur það ekki því að óhlutdrægni nefndarmanna verði með réttu dregin í efa. Þá er ekki sýnt fram á, og raunar ekki haldið fram, að önnur þau atriði séu til staðar er valda því að tílefni sé til þess að draga óhlutdrægni þeirra er nefndina skipa í efa og því engin efni til að verða við kröfu Boga Andersen um að aðalmenn í Siðanefnd Læknafélags Íslands víki sæti við meðferð kæru Högna Óskarssonar á hendur Boga.

ÚRSKURÐARORÐ

Aðalmenn í Siðanefnd Læknafélags Íslands víkja ekki sæti við meðferð á kæru Högna Óskarssonar á hendur Boga Andersen.

ALLAN V. MAGNÚSSON
ÁSGEIR B. ELLERTSSON
RUNÓLFUR PÁLSSON